

13. Reglugerð um nýliða og inntöku nýrra félaga

- 13.1 Stjórn sveitarinnar skipar nýliðaforingja á hverju hausti, fyrir nýliða I og nýliða II
- 13.2 Nýliðaforingjar bera ábyrgð á nýliðastarfi sveitarinnar og hafa yfirumsjón með nýliðadagskrá. Nýliðaforingjar skulu halda skrá yfir mætingu og þau námskeið sem nýliðar hafa lokið.
- 13.3 Nýliðaforingjar bera ábyrgð á þeim búnaði sveitarinnar sem sérstaklega tilheyrir nýliðastarfi.
- 13.4 Nýliðastarf skal að jafnaði hefjast að hausti og standa í tvo vetur. Til að geta orðið nýliði skal viðkomandi vera 17 ára gamall eða eldri.
- 13.5 Þau námskeið sem Slysavarnarfélagið Landsbjörg flokkar undir „Björgunarmaður 1“ skulu vera skyldunámskeið í nýliðastarfi.
- 13.6 Þegar nýliði hefur verið virkur í nýliðastarfi í að lágmarki eitt ár og hefur lokið öllum skyldunámskeiðum getur hann sótt um að gerast fullgildur félagi í sveitinni. Stjórn sveitarinnar fjallar um umsóknina og leitar umsagnar nýliðaforingja.
- 13.7 Fullgildir félagar í öðrum björgunarsveitum geta sótt um inngöngu í sveitina án þess að ljúka fyrst nýliðaþjálfun. Gerðar eru sömu kröfur um lokin námskeið eins og hjá nýliðum. Stjórn sveitarinnar metur hverja umsókn fyrir sig og getur leitað eftir umsögn frá formanni þeirrar björgunarsveitar sem umsækjandinn hefur starfað með. Umsækjendur skulu vera virkir í starfi sveitarinnar í að lágmarki hálfu ári áður en þeir geta orðið fullgildir félagar.
- 13.8 Einstaklingar með sérhæft nám, þekkingu eða reynslu sem nýst getur í björgunarsveitarstarfi geta sótt um inngöngu í sveitina án þess að ljúka fyrst nýliðaþjálfun. Umsókninni skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um lokið nám, námskeið og/eða áunna reynslu. Stjórn sveitarinnar metur hverja umsókn fyrir sig og hvaða námskeið umsækjanda er skylt að ljúka af nýliðadagskrá áður en hann getur öðlast inngöngu. Umsækjendur skulu vera virkir í starfi sveitarinnar í að lágmarki eitt ár áður en þeir geta orðið fullgildir félagar.
- 13.9 Nýir, fullgildir félagar skulur teknir formlega inn í sveitina á aðalfundi. Í undantekningartilfellum er heimilt að taka inn nýja félaga á almennum sveitarfundum.